



Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39
101 Reykjavík

Akranesi, 20. október 2015

1501415 RÁ/sas

Efni: Tillaga um framtíðarvarðveislu Kútters Sigurfara

Staða Kútters Sigurfara hefur verið í umræðunni síðustu misseri og hafa bæjaryfirvöld átt fundi með fulltrúum Þjóðminjasafns og Minjastofnunar um það málefni. Kúttur Sigurfari var smíðaður í Skotlandi árið 1885 og gerður út frá Seltjarnarnesi og Reykjavík á árunum 1879-1919, og síðar Færeyjum. Á þessu ári eru liðin 130 ár frá smíði þess. Það var síðan árið 1974 sem hann var keyptur til Íslands og hefur verið varðveittur í Byggðasafninu í Görðum á Akranesi. Það fjármagn sem hefur verið veitt til viðhalds á skipinu hefur því miður ekki dugað til og í dag er ástands skipsins mjög slæmt.

Bæjarráð óskar eftir heimild Minjastofnunar Íslands til að fá að nýta 5 m.kr. styrk sem veittur var af forsætisráðuneytinu til undirbúnings verkefnis til að rannsaka og varðveita heimildir um skipið, sbr. meðfylgjandi bréf þjóðminjavarðar Margrétar Hallgrímsdóttur. Styrkurinn verður nýttur til fyrsta áfanga verksins, þ.e. skipulagningar skráningarverkefnis. Stefnt verður að því að ráða verkefnastjóra sem undirbúi, skilgreini og stýri þessu verkefni og komi á formlegu samstarfi Akraneskaupstaðar og Byggðasafnsins í Görðum við sjóminjasöfn á Íslandi og á Norðurlöndum og við þjóðminjasöfn Norðurlanda. Fagleg ráðgjöf frá Þjóðminjasafni Íslands verður veitt um hina mismunandi faglega verkþætti frá sjónarhóli þjóðminjavörslu.

Stefnt er að því að verkefnið hefjist strax á næsta ári. Um nánari lýsingu á verkefninu vísast í fyrrgreint bréf þjóðminjavarðar Margrétar Hallgrímsdóttur.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Regína Ásvaldsdóttir
bæjarstjóri